

Hanna Sisko Kaasalainen  
Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands  
Sturlugata 7 – Askja  
101 Reykjavík



Reykholt, 9. september 2015  
UST201509-050/L.G.  
09.05.01

### Efni: Leyfi til rannsóknar í Geysissvæðinu

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Hönnu Sisko Kaasalainen fyrir hönd Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, dags. 26.08. 2015, um leyfi til rannsókna innan Geysissvæðisins frá 11.-18. september, í two til fjóra daga.

#### Lýsing frankvæmdar:

Jarðvísindastofnun HÍ hefur um árabil skoðað efnasamsetningu vatns á háhitavæðum, þar á meðal á Geysissvæðinu. Samkvæmt starfsfólki Jarðvísindastofnunarinnar hefur efnasamsetning jarðhitavatns breyst á stuttum tíma á Geysissvæðinu og biður stofnunin því um leyfi fyrir frekari sýnatöku á svæðinu. Er um að ræða vatnssýnatöku og mælingar, á hverasvæði norðan við Geysi þá og úr hverunum Sísjóðanda, Óþerrisholu, Háahver og Konungshver og útfalli þeirra. Ekki er leitast við að taka sýni úr Geysi né Strokki og leitast verður við að vera að mestu utan svæða þar sem mest er af ferðamönnum, þó er beðið um að fá að taka sýni úr Blesa, sé þess kostur.

Auk þess að safna vatnssýnum, er beðið um leyfi til vatnsmælinga á staðnum þar sem skoðuð verður jarðefnafræði járnsins en mjög erfitt er að efnagreina það nema það sé gert á staðnum. Mælitækin til þessa rannsókna eru 30x30 cm, 2-3 tæki og verða fjarlægð eftir efnagreiningu.

Þá er beðið um að fá að skilja eftir mælitæki, 30x40x80 cm, yfir nótta hveri utan alfaraleiðar, annað hvort Sísjóðanda eða Óþerrisholu.

3-5 aðilar koma að sýnatökunni.

#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun fer með umsjón landssvæðis ríkis á Geysissvæðinu og hefur þar umboð Umhverfisráðuneytisins.

Umhverfisstofnun gefur fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsókninni að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir frá 11. – 18. September og skal leyfishafi hafa samband við sérfræðing UST og landvörð svæðisins, Lindu Guðmundsdóttir í s. 822 4031 áður en sýnatökur hefjast.
- Leyfishafi skal hafa bréf þetta meðferðis á meðan rannsóknir standa yfir á svæðinu.
- Sýnistaka skal takmarkast við ofangerða lýsingu og öll frávik frá framkvæmdinni eins og henni er lýst hér að ofan vera tilkynnt til Umhverfisstofnunar.
- Umhverfisstofnun óskar eftir að fá án endurgjalds eintak af öllum skýrslum og vísindagreinum umsækjanda sem fjalla um rannsóknir innan svæðisins.

- Óheimilt er að raska jarðmyndunum á svæðinu og brjóta hverahrúður.
- Öryggisins vegna eru starfsmenn Jarðvísindastofnunar HÍ beðnir um að vera vel merktir, helst í áberandi vinnusatnaði, til að koma í veg fyrir að ferðamenn á svæðinu fylgi þeirra fordæmi og gangi utan öryggisgirðingar.
- Starfsmenn Jarðvísindastofnunar HÍ skulu ráðfæra sig í hvívetna við landvörð svæðisins þegar kemur að aðgengi utan stíga.
- Hafa skal samband við landeigendafélag Geysissvæðisins, sem fyrir sitt leyti þarf einnig að gefa leyfi fyrir rannsókninni.

Virðingarfyllst

Linda Guðmundsd.

Linda Guðmundsdóttir  
Sérfræðingur

(Sigríður Kristj.)  
Sigríður Kristjánsdóttir  
Sviðstjóri

- Óheimilt er að raska jarðmyndunum á svæðinu og brjóta hverahrúður.
- Öryggisins vegna eru starfsmenn Jarðvísindastofnunar HÍ beðnir um að vera vel merktir, helst í áberandi vinnufatnaði, til að koma í veg fyrir að ferðamenn á svæðinu fylgi þeirra fordæmi og gangi utan öryggisgirðingar.
- Starfsmenn Jarðvísindastofnunar HÍ skulu ráðfæra sig í hvívetna við landvörð svæðisins þegar kemur að aðgengi utan stíga.
- Hafa skal samband við landeigendafélag Geysissvæðisins, sem fyrir sitt leyti þarf einnig að gefa leyfi fyrir rannsókninni.

Virðingarfyllst

Linda Guðmundsdóttir

Linda Guðmundsdóttir  
Sérfræðingur

Sigríður Kristjánsdóttir  
Sviðstjóri

Hanna Sisko Kaasalainen  
Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands  
Sturlugata 7 – Askja  
101 Reykjavík



Reykholts, 9. september 2015  
UST201509-050/L.G.  
09.05.01

### Efni: Leyfi til rannsóknar í Geysissvæðinu

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Hönnu Sisko Kaasalainen fyrir hönd Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, dags. 26.08. 2015, um leyfi til rannsókna innan Geysissvæðisins frá 11.-18. september, í two til fjóra daga.

#### Lýsing framkvæmdar:

Jarðvísindastofnun HÍ hefur um árabil skoðað efnasamsetningu vatns á háhitavæðum, þar á meðal á Geysissvæðinu. Samkvæmt starfsfólki Jarðvísindastofnunarinnar hefur efnasamsetning jarðhitavatns breyst á stuttum tíma á Geysissvæðinu og biður stofnunin því um leyfi fyrir frekari sýnatöku á svæðinu. Er um að ræða vatnssýnatöku og mælingar, á hverasvæði norðan við Geysi þá og úr hverunum Sísjóðanda, Óperrisholu, Háahver og Konungshver og útfalli þeirra. Ekki er leitast við að taka sýni úr Geysi né Strokki og leitast verður við að vera að mestu utan svæða þar sem mest er af ferðamönnum, þó er beðið um að fá að taka sýni úr Blesa, sé þess kostur.

Auk þess að safna vatnssýnum, er beðið um leyfi til vatnsmælinga á staðnum þar sem skoðuð verður jarðefnafræði járnsins en mjög erfitt er að efnagreina það nema það sé gert á staðnum. Mælitækin til þessa rannsókna eru 30x30 cm, 2-3 tæki og verða fjarlægð eftir efnagreiningu.

Þá er beðið um að fá að skilja eftir mælitæki, 30x40x80 cm, yfir nött hveri utan alfaraleiðar, annað hvort Sísjóðanda eða Óperrisholu.

3-5 aðilar koma að sýnatökunni.

#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun fer með umsjón landssvæðis ríkis á Geysissvæðinu og hefur þar umboð Umhverfisráðuneytisins.

Umhverfisstofnun gefur fyrir sitt leyfi fyrir rannsókninni að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir frá 11. – 18. September og skal leyfishafi hafa samband við sérfræðing UST og landvörð svæðisins, Lindu Guðmundsdóttir í s. 822 4031 áður en sýnatökur hefjast.
- Leyfishafi skal hafa bréf þetta meðferðis á meðan rannsóknir standa yfir á svæðinu.
- Sýnistaka skal takmarkast við ofangerða lýsingu og öll frávik frá framkvæmdinni eins og henni er lýst hér að ofan vera tilkynnt til Umhverfisstofnunar.
- Umhverfisstofnun óskar eftir að fá án endurgjalds eintak af öllum skýrslum og vísindagreinum umsækjanda sem fjalla um rannsóknir innan svæðisins.